Nýútkomin lög.

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aptur, gefin út 30. nóvbr. 1879, birt í A deild stjórnartíðinda 1879 bls. 100 –101.

Lög um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, staðfest 9. janúar 1880, birt í A deild stjórnartíðinda 1880 bls. 2— 5.

Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi staðfest 9. janúar 1880 birt í deildinni A bls 6—9.

---

1 10. jan.

— *Brjef* landshöfðingja *til landfógeta um* tilsögn í sönglist og organslætti. — Með því að organsleikarinn við dómkirkjuna í Reykjavík Jónas Helgason hefir skuldbundið sig til að fullnœgja skilyrði því, sem sett er í 12. gr. B IV. fjárlaganna, um «að veita ókeypis tilsögn í sönglist og organslætti þeim, sem gjörast ætla organleikarar við kirkjur út um landið», vil jeg hjer með mælast til þess, að þjer herra landfógeti útborgið nefndum Jónasi Helgasyni upphæð þá, 1000 kr. um árið, sem í þessu tilliti er veitt í fjárlögunum, með $^1/_{12}$ eður 83 kr. 33 a. um hvern mánuð.

2 13. jan.

— *Brjef* landshöfðingja *til bœjarfógetans í Reykjavík um* að víkja fulltrúa úr bœjarstjórninni. — Jón landshöfðingjaritari Jónsson hefir 4. f. m. áfrýjað til mín ályktun þeirri, sem meiri hluti bœjarstjórnarinnar í Reykjavík feldi á fundi sama dag, þar sem honum var vikið úr bœjarstjórninni, og með brjefi frá 3. þ. m. hefi jeg meðtekið bæði álit bœjarstjórnarinnar um þær ástœður, sem þessi ályktun styðst við, og einnig yfirlýsing áfrýjanda í þessu tilliti með þeim athugasemdum, sem næstnefnd yfirlýsing hefir gefið herra bœjarfógetanum tilefni til, sem og brjef frá 6. þ. m., sem inniheldur þær ítarlegu skýringar, sem jeg í þessu efni hafði óskað að fá. Samkvæmt þessu skal yður, herra bœjarfógeti, tjáð hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar bæði fyrir bœjarstjórninni og Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

Rjettur sá, sem bœjarstjórnin á eptir 10. gr. tilskipunar um bœjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar frá 20. apríl 1872 til að víkja úr bœjarstjórninni bœjarfulltrúa þeim, sem vanrœkir eða fœrist undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bœjarfulltrúi, er í sjálfu sjer ekki samkvæmur undirstöðu þeirri, sem tilskipunin er byggð á í heild sinni, sem sje rjetti bœjarbúa til þess að kjósa meðal hinna kjörgengu bœjarbúa, fulltrúa þann, sem þeir, kjósendurnir, með atkvæðafjölda álíta fœrastan til þessa starfa, verður því eptir hlutarins eðli að beita rjetti þessum með mestu varúð, sem og liggur bæði í orðatiltœkjum tilskipunarinnar: «þannig að nauðsyn beri til, að hann fari frá» og í því, sem við er bœtt, að sá, sem vikið er úr bœjarstjórninni móti vilja sínum, «getur borið kæru sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið»; því landshöfðingi hlýtur að byggja úrskurð sinn á úrslitum þeirrar spurningar, hvort sú skylduvanrœkt, sem hefir orsakað útilokunina, er svo vaxin, að hún gjöri útilokun hlutaðeigandi bœjarfulltrúa nauðsynlega.

Ástœðurnar sem bœjarstjórnin hefir byggt á útilokun þá, sem hjer rœðir um, eru eptir yfirlýsing hennar frá 18. f. m. þær, sem nú skal greina:

1. Að Jón landshöfðingjaritari Jónsson hafi fœrst undan að skrifa undir gjörða-

Hinn 9. febrúar 1880.

Reykjavík, 1880. Einar Þórðarson